

Framtakssjóður Íslands slhf.

Ársreikningur

2014

Framtakssjóður Íslands slhf.
Lágmúli 9, 7. hæð
108 Reykjavík
kt. 651109-0510

Framtakssjóður Íslands slhf.

Ársreikningur

2014

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-10

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í FSÍ (Framtakssjóði Íslands) slhf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Framtakssjóðs Íslands slhf. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, efnahag þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 12. febrúar 2015

Deloitte ehf.


Guðmundur Kjartansson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. var stofnað í lok árs 2009 og er tilgangur félagsins að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum.

Ársreikningur Framtakssjóðs Íslands slhf. fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Eignarhlutar í félögum eru færðir á kostnaðarverði að því undanskyldu að eignarhlutar í félögum sem eru með hlutabréf sín skráð á markaði eru færð á síðasta skráða gengi hlutabréfa í kauphöll í lok árs.

Hagnaður Framtakssjóðs Íslands slhf. á árinu 2014 nam um 462 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir félagsins um 21.854 milljónum króna og bókfært eigið fé í árslok er um 21.836 milljónir króna. Eiginfjárlutfallið er um 99,9%. Eins og fram kemur í skýringu nr. 4 þá er það mat félagsins að áætlað gangvirði eignarhluta í öðrum félögum sé um 36.637 milljónir króna en bókfært verð sömu eigna er um 21.441 milljónir króna. Engin ársverk eru hjá félaginu. Innan félagsins er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem félagið býr við. Helstu áhættuþættir koma fram í skýringu nr. 10.

Framtakssjóður Íslands slhf. seldi á árinu allan eignarhlut sinn í N1 hf eða um 20,9% hlut og allan eignarhlut sinn í Icelandair Group hf eða um 7% hlut. Einnig seldi sjóðurinn um 8,1% hlut í Advania hf.

Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 19 eins og í upphafi árs. Tíu stærstu hluthafarnir eru eftirfarandi: Lífeyrissjóður verslunarmanna 19,9%, Landsbankinn hf. 17,7%, Gildi lífeyrissjóður 15,4%, Sameinaði lífeyrissjóðurinn 8,9%, Söfnunarlífeyrissjóður lífeyrisréttinda 8,5%, LSR A-deild 7,4%, Stafir lífeyrissjóður 5,5%, Festa lífeyrissjóður 2,8%, Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga 2,8% og Almenni lífeyrissjóðurinn 2,3%.

Stjórn félagsins gerir ekki tillögu um að greiddur verði arður til hluthafa en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Framtakssjóðs Íslands slhf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok ársins, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands slhf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 12. febrúar 2015

Í stjórn


Þorkell Sigurlaugsson, stjórnarmaður

Framkvæmdastjóri


Herdís Dröfn Fjeldsted

Rekstrarreikningur ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Vaxtatekjur og arður	3	463.238.341	269.347.601
Matsbreyting eignarhluta	4	(161.968.832)	7.666.315.543
Bakfærð virðisrýrnun eignarhluta	4	403.000.000	0
		<u>704.269.509</u>	<u>7.935.663.144</u>
Umsýslubóknun		(202.966.569)	(205.078.680)
Beinn kostnaður vegna fjárfestinga		(30.313.800)	(84.473.386)
Annar rekstrarkostnaður		(9.179.269)	(9.729.414)
		<u>(242.459.638)</u>	<u>(299.281.480)</u>
Hagnaður ársins		<u><u>461.809.871</u></u>	<u><u>7.636.381.664</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Eignir	Skýr.	31.12.2014	31.12.2013
Fjárfestingar			
Eignarhlutar í félögum á kostnaðarverði	4	21.441.452.997	21.371.871.871
Eignarhlutar í félögum á markaðsverði	4	0	10.330.174.028
		<u>21.441.452.997</u>	<u>31.702.045.899</u>
Veltufjármunir			
Kröfur á tengd félög	9	0	1.041.065
Aðrar skammtímakröfur	5	146.454.366	89.979.378
Handbært fé	5,9	266.144.233	4.069.324.378
		<u>412.598.599</u>	<u>4.160.344.821</u>
Eignir		<u>21.854.051.596</u>	<u>35.862.390.720</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutafé	6	22.290.541	22.290.541
Yfirverðsreikningur		20.252.454.630	20.252.454.630
Sérstakur sjóður		0	4.231.597.167
Lögbundinn varasjóður		5.686.309	5.686.309
Óráðstafað eigið fé		1.555.126.890	7.681.317.019
Eigið fé		<u>21.835.558.370</u>	<u>32.193.345.666</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við tengd félög	9	15.758.863	12.792.294
Aðrar skammtímaskuldir	8	2.734.363	3.656.252.760
		<u>18.493.226</u>	<u>3.669.045.054</u>
Skuldir		<u>18.493.226</u>	<u>3.669.045.054</u>
Eigið fé og skuldir		<u>21.854.051.596</u>	<u>35.862.390.720</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		461.809.871	7.636.381.664
Óinnleystur hagnaður á markaðsverði eignarhluta	4	7.203.804.985	(2.777.548.417)
Virðisýrnun eignarhluta færð til baka	4	(403.000.000)	0
Veltufé frá rekstri		<u>7.262.614.856</u>	<u>4.858.833.247</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Rekstrartengdar eignir, (hækkun)		(55.433.923)	(48.139.749)
Rekstrartengdar skuldir, (lækkun)		(50.551.828)	(49.154.992)
Handbært fé frá rekstri		<u>7.156.629.105</u>	<u>4.761.538.506</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keypt fjárfestingaverðbréf	4	0	(6.436.174.243)
Seld fjárfestingaverðbréf, upphaflegt kaupverð	4	3.459.787.917	4.359.066.881
Lækkun á kröfum á tengd félög		0	112.810.163
		<u>3.459.787.917</u>	<u>(1.964.297.199)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	6,7	(6.588.000.000)	(5.600.000.000)
Innborgað hlutafé	6	0	6.502.999.997
Útborgað hlutafé	6	(3.600.000.000)	0
Sérstakur sjóður greiddur út til hluthafa	6,7	(4.231.597.167)	0
		<u>(14.419.597.167)</u>	<u>902.999.997</u>
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(3.803.180.145)	3.700.241.304
Handbært fé í upphafi árs		4.069.324.378	369.083.074
Handbært fé í lok ársins		<u>266.144.233</u>	<u>4.069.324.378</u>

Skýringar

1. Starfsemi

FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. var stofnað á árinu 2009 og er tilgangur félagsins að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum. Í árslok 2013 var FSÍ skipt upp í tvö félög, FSÍ slhf. og IEI slhf.

Framtakssjóður Íslands slhf. er samlagshlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Samlagshlutafélag er sú tegund samlagsfélaga þar sem einn eða fleiri félagsmenn (ábyrgðaraðilar) bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en aðrir félagsmenn (hluthafar), einn eða fleiri bera takmarkaða ábyrgð á grundvelli framlaga sem mynda hlutafé í félaginu. Ábyrgðaraðilar geta jafnframt verið hluthafar. Ábyrgðaraðili FSÍ slhf. er FSÍ GP hf.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Framtakssjóðs Íslands slhf. fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum að því undanskildu að markaðsbréf eru færð á gangverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Vaxtatekjur

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Umsýsluþóknun

Framtakssjóður Íslands slhf. greiðir til Framtakssjóðs Íslands GP hf. umsýsluþóknun í samræmi við skilmála félagsins. Umsýsluþóknuninni er ætlað að standa straum af útlögðum kostnaði er fellur til við rekstur Framtakssjóðs Íslands GP hf. að frádregnum öðrum rekstrartekjum.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Félagið er ekki sjálfstæður skattaðili og skattar því ekki reiknaðir í ársreikningnum.

Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er sé um slíkt að ræða.

Eignarhlutar í félögum á kostnaðarverði

Eignarhlutar í félögum á kostnaðarverði eru eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum. Eignarhlutarnir eru metnir á kostnaðarverði að teknu tilliti til virðisrýrnunar.

Eignarhlutar í félögum á markaðsverði

Eignarhlutar í félögum á markaðsverði eru þeir eignarhlutar sem skráðir eru á virkum markaði og keyptir í þeim tilgangi að hagnast á verðbreytingum á skipulögðum markaði. Þeir eru færðir á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Skýringar

3. Vaxtatekjur og arður

	2014	2013
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	117.020.941	89.201.474
Arður af hlutabréfaeign	344.872.179	180.161.868
Aðrar vaxtatekjur	1.377.221	0
Gengistap á gjaldeyrisreikningi	(32.000)	(15.741)
	<u>463.238.341</u>	<u>269.347.601</u>

4. Eignarhlutar í félögum

	2014	2013
Eignarhlutar í félögum færðir á kostnaðarverði:		
Staða í ársbyrjun	21.371.871.871	22.010.295.994
Keypt á árinu	0	6.436.174.243
Selt á árinu	(369.430.952)	(3.751.111.028)
Flutt við skiptingu til IEI slhf	0	(2.250.878.700)
Bakfærð virðisrýrnun eignarhluta	403.000.000	0
Innleystur söluhagnaður	36.012.078	1.177.411.508
Endurflokkun á eignarhlutum úr kostnaðarverði í markaðsverð	0	(2.250.020.146)
Kostnaðarverð í lok ársins	<u>21.441.452.997</u>	<u>21.371.871.871</u>

Eignarhlutar í félögum færðir á markaðsverði:

Staða í ársbyrjun	10.330.174.028	7.087.972.827
Selt á árinu	(10.132.193.118)	(5.496.722.980)
Innleystur söluhagnaður	<u>7.005.824.075</u>	3.711.355.619
Endurflokkun á eignarhlutum úr kostnaðarverði í markaðsverð	0	2.250.020.146
Fært í markaðsverð	<u>(7.203.804.985)</u>	<u>2.777.548.417</u>
Bókfært verð eignarhluta í lok ársins	<u>0</u>	<u>10.330.174.028</u>

Matsbreyting eignarhluta:

Innleystur söluhagnaður eignarhluta færðir á kostnaðarverði	36.012.078	1.177.411.508
Innleystur söluhagnaður eignarhluta færðir á markaðsverði	7.005.824.075	3.711.355.619
Óinnleystur hagnaður eignarhluta, breyting á markaðsverði	<u>(7.203.804.985)</u>	<u>2.777.548.417</u>
Matsbreyting eignarhluta	<u>(161.968.832)</u>	<u>7.666.315.544</u>

	Hlutdeild %	Nafnverð
--	-------------	----------

Yfirlit yfir eignarhluta í félögum á kostnaðarverði:

Eignarhlutar í Icelandic Group hf. (eigin hlutabréf félagsins nema 10%)	90,00%	1.418.962.093 ISK
Eignarhlutar í Advania hf.	32,04%	333.269.434 ISK
Eignarhlutar í Promens hf. (eigin hlutabréf félagsins nema 50,5%)	49,50%	28.234.814 EUR
Eignarhlutar í Invent Farma	38,00%	5.016.385 EUR

Promens hf. keypti í lok árs 2014 allt útstandandi hlutafé annarra hluthafa en FSÍ slhf. í félaginu sjálfu. FSÍ slhf. er því eini hluthafinn í Promens hf. Unnið er að frágangi viðskiptanna og er fyrirhugað að færa niður hlutafé félagsins sem nemur eigin bréfum.

Félagið hefur í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IFRS 13, lagt mat á virði eignarhluta sem það hefur fjárfest í. Félagið styðst einnig við leiðbeiningar IPEV um verðmat (International Private Equity and Venture Capital Investor Valuation Guidelines). Virði eignarhluta í félögum sem eru með skráð hlutabréf sín á markaði eru metin á markaðsverði en aðrir eignarhlutar eru metnir á áætluðu gangvirði (Fair Value). Gangvirðismatið er framkvæmt á þann hátt að framtíðarsjóðflæði hvers sjóðsskapandi einingar er reiknað og byggir á áætlunum viðkomandi einingar. Framtíðarsjóðflæðið er núvirt með ávöxtunarkröfu reiknaðs WACC (Weighted Average Cost of Capital) hvers einingar og í samræmi við CAPM (Capital Asset Pricing Model). Útkoma gangvirðisprófsins er einnig borin saman við virðismargfaldara samanburðarfélaga og þannig sannreynt að gangvirðið sé ekki ofmetið. Það er mat félagsins að áætlað gangvirði þessara eigna sé um 36.637 milljónir króna en bókfært verð sömu eigna er 21.441 milljónir króna.

Gangvirðismat er háð utanaðkomandi áhættuþáttum svo sem breytingu á gengi gjaldmiðla, vaxtastigi, skatthlutfalli, flökti í arðsemi hlutabréfa og markaðsálagi.

5. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2014	31.12.2013
Fjármagnstekjuskattur	146.454.366	89.979.378
	<u>146.454.366</u>	<u>89.979.378</u>

Skýringar

5. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Handbært fé

	31.12.2014	31.12.2013
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	264.988.479	4.068.138.091
Óbundnar bankainnstæður í erlendri mynt	1.155.754	1.186.287
	<u>266.144.233</u>	<u>4.069.324.378</u>

6. Eigið fé

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls um 22 milljónir króna og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

Hluthafafundur Framtakssjóðs Íslands slhf. haldinn þann 30. desember 2010 ákvað með vísan í 4. tl. 2. mgr. 51. gr. laga um hlutfélög að lækka hlutfé félagsins um 4.232 milljónir króna til þess að leggja í sérstakan sjóð sem aðeins má nota samkvæmt ákvörðun hluthafafundar. Í reglum um sjóðinn kemur fram að útborganir úr sjóðnum skulu að öðru leyti vera samkvæmt 18. gr. skilamála Framtakssjóðs Íslands slhf. Mótfærsla lëkkunar hlutafjárins var upphaflega færð á yfirverðsreikning í ársreikningi 2010 en var millifærð á árinu 2013 af yfirverðsreikningnum á liðinn sérstakur sjóður í samræmi við ákvörðun hluthafafundarins. Sérstökum sjóð var ráðstafað til greiðslu til hluthafa í samræmi við ákvörðun hluthafafundar í ágúst 2014.

Eigið fé greinist þannig:

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Sérstakur sjóður	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2013	23.387.541	23.364.154.086	0	6.155.936	6.111.145.142
Framlag í sérstakan sjóð		(4.231.597.167)	4.231.597.167		
Nýtt hlutfé	6.503.000	6.496.496.997			
Skipting til IEI slhf	(4.000.000)	(1.780.199.286)		(469.627)	(466.209.787)
Lëkkun hlutafjár	(3.600.000)	(3.596.400.000)			
Greiddur arður					(5.600.000.000)
Hagnaður ársins					7.636.381.664
Eigið fé 1.1 2014	22.290.541	20.252.454.630	4.231.597.167	5.686.309	7.681.317.019
Útgreiðsla til hluthafa			(4.231.597.167)		
Greiddur arður					(6.588.000.000)
Hagnaður ársins					461.809.871
Eigið fé 31.12 2014	<u>22.290.541</u>	<u>20.252.454.630</u>	<u>0</u>	<u>5.686.309</u>	<u>1.555.126.890</u>

Hluthafar:

		Hlutfé alls	Hlutdeild í eigið fé
Lífeyrissjóður verslunarmanna	19,91%	4.438.908	4.348.303.378
Landsbankinn hf.	17,70%	3.945.850	3.865.309.415
Gildi lífeyrissjóður	15,39%	3.430.942	3.360.911.442
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	8,93%	1.989.782	1.949.167.631
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	8,53%	1.900.946	1.862.144.904
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	7,36%	1.639.941	1.606.467.399
Stafir lífeyrissjóður	5,52%	1.229.954	1.204.848.835
Festa lífeyrissjóður	2,76%	614.976	602.423.438
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	2,76%	614.976	602.423.438
Almenni lífeyrissjóðurinn	2,31%	515.301	504.782.951
Lífeyrissjóður Bankamanna aldursdeild	1,95%	435.128	426.246.399
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	1,74%	387.988	380.068.596
Lífeyrissjóður verkfræðinga	1,10%	245.989	240.968.004
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	1,10%	245.989	240.968.004
Íslenski lífeyrissjóðurinn	1,01%	224.952	220.360.400
Eftirlaunasjóður FÍA	0,77%	172.193	168.678.288
Lífeyrissjóður Rangæinga	0,58%	130.374	127.712.875
VÍS hf.	0,55%	122.996	120.485.471
Framtakssjóður Íslands GP hf.	0,02%	3.356	3.287.499
		<u>22.290.541</u>	<u>21.835.558.370</u>

Skýringar

7. Útgreiddur arður og sérstakur sjóður

Á árinu 2014 var greiddur arður til hluthafa að fjárhæð kr. 6.588 milljónir og sérstakur sjóður að fjárhæð kr. 4.232 milljónir.

8. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2014	31.12.2013
Skuldir við hluthafa vegna útgreiðslu hlutafjár	0	3.600.000.000
Ógreiddur kostnaður	2.734.363	56.252.760
	<u>2.734.363</u>	<u>3.656.252.760</u>

9. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnad af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 2014:

	Gjöld	Vaxtatekjur	Handbært fé	Skuldir
FSÍ GP hf., ábyrgðaraðili	202.966.569	0	0	15.758.863
Landsbankinn hf., hluthafi	0	82.060.877	3.044.427	0
	<u>202.966.569</u>	<u>82.060.877</u>	<u>3.044.427</u>	<u>15.758.863</u>

Viðskipti við tengd félög árið 2013:

	Gjöld	Tekjur	Kröfur og handbært fé	Skuldir
FSÍ GP hf., ábyrgðaraðili	205.078.680	0	0	12.792.294
Icelandic Group, dótturfélag	0	0	130.500	0
Landsbankinn hf., hluthafi	0	65.382.261	1.929.424	0
Önnur tengd félög IEI slhf	0	0	910.565	0
	<u>205.078.680</u>	<u>65.382.261</u>	<u>2.970.489</u>	<u>12.792.294</u>

10. Áhættustýring

Innan félagsins er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem félagið býr við. Þessir þættir eru hlutabréfaáhætta, vaxtaáhætta og gjaldmiðlaáhætta.

Félagið býr við markaðsáhættu vegna gengi hlutabréfa á mörkuðum og virði eignarhluta við sölu. Í skýringu nr. 4 kemur fram bókfært virði þessara eigna og áætlað gangvirði þeirra.

Félagið hefur hvorki gert afleiðusamninga né lánasamninga en býr við vaxtaáhættu á undirliggjandi eignum sem er aðallega fólgin í því að framtíðarsjóðflæði þeirra muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Félagið býr við gjaldmiðlaáhættu aðallega vegna sjóðflæðis undirliggjandi eigna.

11. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundinum 12. febrúar 2015.

12. Kennitölur

Úr rekstrarreikningi:

Arðsemi

	2014	2013
Hagnaður ársins	461.809.871	7.636.381.664
Arðsemi eigin fjár - Hagnaður/vegin meðalstaða eigin fjár	1,8%	20,7%

Úr efnahagsreikningi:

Fjárhagslegur styrkur

	31.12.2014	31.12.2013
Innra virði hlutafjár - Eigið fé/hlutafé	979,59	1261,56
Eiginfjárlutfall - Eigið fé/Skuldir og eigið fé	99,9%	99,6%